

Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokksins um skyldubundið námsmat í grunnskólum Reykjavíkur

Borgarstjórn samþykkir að skóla- og frístundasviði verði falið að flýta innleiðingu samræmds námsmats í 4.-10. bekk í öllum grunnskólum Reykjavíkur. Markmiðið er að tryggja að hægt sé með samræmdum hætti að meta stöðu og framfarir nemenda og auðvelda kennurum og foreldrum að styðja við nám barna í Reykjavík frá og með vori 2026. Stöðu- og framvindupróf í stærðfræði og íslensku verði þannig ekki valkvæð heldur skylda frá 4.-10. bekk frá og með vori 2026.

Greinargerð

Hagsæld okkar til framtíðar grundvallast að miklu leyti á gæðum menntunar í landinu. Niðurstöður úr Pisa sýna að ríkt tilefni er til þess að skerpa á viðbrögðum borgarinnar og auka árangur menntakerfis okkar. Brýnt er að hefja strax mótun aðgerða sem komi til framkvæmda næsta vor. Á vettvangi menntamálaráðuneytisins hefur á undanförunum árum verið unnið að gerð samræmds námsmats í víðtæku samráði. Niðurstaða þeirrar vinnu var að leggja fram nýtt matsferli með það að markmiði að tryggja heildstæða og skýra mynd af stöðu hvers barns í námi og framförum þess jafnt og þétt yfir skólagönguna og afla upplýsinga um stöðu skólakerfisins í heild. Lagt er til að Reykjavíkurborg byggji áfram á þeirri vinnu sem þegar hefur farið fram um samræmt námsmat og geri stöðu- og framvindupróf í íslensku og stærðfræði að skyldu fyrir 4.-10. bekk í grunnskólum Reykjavíkur. Prófin voru lögð fyrir í tilraunaskyni í á þriðja tug sveitarfélaga og því er komin góð reynsla sem byggja má á. Í þeirri vinnu sem tillaga Framsóknar felur í sér þarf sérstaklega að huga að því að:

1. Aðferðafræði námsmats taki mið af fjölbreytileika skólaumhverfis í Reykjavík og mismunandi þörfum nemenda.
2. Samræmi við menntastefnu borgarinnar verði tryggt, þannig að verkefnið styðji markmið hennar um jöfnuð, fagmennsku og aukna vellíðan í skólastarfi.
3. Samráð verði haft við skólastjórnendur, kennara, foreldra og aðra fagaðila til að tryggja víðtæka þátttöku og traust til nýrra aðferða.

Með þessum aðgerðum er stefnt að því að efla námsframvindu allra barna í Reykjavík, tryggja að mat á námi og framförum sé gagnsætt og stuðli að umbótum og leggja traustan grundvöll að langtímaárangri í íslensku menntakerfi.